

## 8. bekkur íslenska

---

Kennarar: Bjarni Gunnarsson

### Lýsing

Íslenska skiptist í talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, 2013.

### Markmið

Íslenska skiptist í talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Markmið kennslunnar er að gera nemendur að betri málnotendum, í ræðu og riti.

Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, 2013.

### Námsefni

Kveikjur, Málið í mark, Útbrot, Laxdælasaga, Vertu ósýnilegur, Mér er í mun ...

Kjörbækur valdar í samráði við bókasafnskennara.

### Kennsluaðferðir

Lesið og hlustað, skilið og skrafað, spurt og svarað, bæði munnlega og skriflega. Nemendur ýmist lesa sjálfir eða hlusta á fjölbreyttan texta, annaðhvort lesinn af kennara eða leikinn af upptöku, fá síðan spurningar til að svara, einir, í pörum eða hópum. Nemendur rita eigin texta, frjálst eða samkvæmt fyrirætlum kennara, og fá leiðsögn við það. Stafsetning æfð með skriflegum æfingum. Málfræðihugtök útskýrð og verkefni unnin til að skerpa á þeim.

### Námsmat

Símat; vinnubækur, stafsetningarpróf, lotupróf, mat á verkefnum.

### Íslenska fyrir 8.-10. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

### Íslenska fyrir 8.-10. bekk - Lestur og bókmenntir

- Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.
- Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.

### Íslenska fyrir 8.-10. bekk - Ritun

- Beitt reglum um réttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.
- Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.

### Íslenska fyrir 8.-10. bekk - Málfræði

- Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.
- Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.

### Íslenska fyrir 8.-10. bekk - Talað mál, hlustun og áhorf

- Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas
- Nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt

### Lesfimiviðmið 1.-10. bekkur - 8. bekkur

- **8. BEKKUR - LESFIMIPRÓF**  
**September** - Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.
- **8. BEKKUR - LESFIMIPRÓF**  
**Janúar** - Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.
- **8. BEKKUR - LESFIMIPRÓF**  
**Maí** - Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

- **LESFIMIVIÐMIÐ**

**Viðmið fyrir 8. bekk.** Útskýring á matstáknum. Rétt lesin orð á mínútu: Undir viðmiði = færri en **130**. Viðmið 1 = **130-179**. 90% af nemendum. Viðmið 2 = **180-209**. 50% af nemendum. Viðmið 3 = **210** eða fleiri. 25% af nemendum. Athugið að lesfimiviðmið miða við stöðu nemenda við lok 8. bekkjar.

### Orðarún - Mat á lesskilningi í 3.- 8. bekk - 8. bekkur

- **8. bekkur ORÐARÚN - PRÓF 1** Lesskilningsprófið Orðarún reynir á ferns konar færni; greina staðreyndir, draga ályktanir, að átta sig á meginefni texta og útskýra orð og orðasambönd. Notast er við prófið Orðarún til að meta stöðu og framfarir. Athugið að prófið er staðlað fyrir apríl og ber að túlka niðurstöður samkvæmt því. Útskýring á matstáknum. **Hæfni ekki náð** = Nemandi svaraði á bilinu 0 til 6 af 20 atriðum rétt **Parfnast þjálfunar** = Nemandi svaraði á bilinu 7 til 10 af 20 atriðum rétt **Á góðri leið** = Nemandi svaraði á bilinu 11 til 16 af 20 atriðum rétt **Hæfni náð** = Nemandi svaraði nær öllu rétt eða 17 til 19 atriðum **Framúrskarandi** = Nemandi svaraði öllu rétt eða 20 af 20 atriðum
- **8. bekkur ORÐARÚN - PRÓF 2** Lesskilningsprófið Orðarún reynir á ferns konar færni; greina staðreyndir, draga ályktanir, að átta sig á meginefni texta og útskýra orð og orðasambönd. Notast er við prófið Orðarún til að meta stöðu og framfarir. Athugið að prófið er staðlað fyrir apríl og ber að túlka niðurstöður samkvæmt því. Útskýring á matstáknum. **Hæfni ekki náð** = Nemandi svaraði á bilinu 0 til 5 af 20 atriðum rétt **Parfnast þjálfunar** = Nemandi svaraði á bilinu 6 til 8 af 20 atriðum rétt **Á góðri leið** = Nemandi svaraði á bilinu 9 til 15 af 20 atriðum rétt **Hæfni náð** = Nemandi svaraði nær öllu rétt eða 16 til 19 atriðum **Framúrskarandi** = Nemandi svaraði öllu rétt eða 20 af 20 atriðum